

Fundur í Nemendafélaginu 11. september 2017 kl. 8:20

Mættir: Ronja, Erna, María, Guðrún, Bjarki, Anton, Ísar, Hrefna og Sigga Lára.
Sigga Lára bauð nýja fulltrúa Nemendafélagsins velkomna.

1. Nemendafélag Heiðarskóla – hlutverk og fundarfyrirkomulag kynnt.
2. Starfsreglur félagsins – umræður og reglurnar samþykktar óbreyttar.
3. Leikföng á skólalóð – umræður um að mikið af leikföngum og fótboltum eru að fara í lækinn og týnast. Ákveðið að gera frímínútnasáttmála á yngsta- og miðstigi. Leggja áherslu á hlutverk hvers og eins við að ganga frá dóti í Krakkakot. Ákveðið að fótboltar sem tilheyra hverju stigi séu geymdir á hverju stigi og að fá umjónarkennarar í lið með okkur. Þeir afhendi ákveðnum aðila boltann og taki við honum aftur eftir notkun frá sama aðila.
4. Reglur á fótboltavelli – umræður. Ákveðið að yngsta stig eigi völlinn á fimmtudögum en aðra daga megi allir nýta völlinn. Ef yngsta stig nýtir ekki völlinn mega allir spila. Líka ákveðið að þeir sem fara inn á völlinn séu þar til að spila fótbolta. Aðrir sem ekki vilja spila mega að sjálfsögðu horfa á fyrir utan völlinn.
5. Heimasíða skólans kynnt.
6. Önnur mál: Nemendur unglिंगadeildar beðnir um að taka stöðuna á áhuga fyrir æskulýðsbollinu. Ýmsar óskir nemenda frambornar:
 - Skíðaferð unglिंगadeildar
 - Klukku í búningssklefa
 - Skólapeysur fyrir nýja nemendur.
 - Jarðarber í ávaxtastund.
 - Skemmtilegra á opnum húsum.
 - Starfsmann fyrir opið hús.
 - Nýja fótbolta.
 - Nýja hátalara í félagsrými.
 - Ganga vel frá í félagsrými eftir opið hús.
 - Fleiri skóhorn.
 - Hita í fótboltavöllinn eða þak yfir.

Fundi slitið kl. 9:15